

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2001

Nr. 366

926

7. maí 2001

AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi íbúðabyggðar í Bjarglandi,
Þyrping 8 og 9, Borgarbyggð.**

Um er að ræða óverulegar breytingar á gatnakerfi og lóðum.
Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt breytingarnar.
Breytingarnar hafa verið sendar til yfirferðar skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og bygging-
arlaga hjá Skipulagsstofnun.
Ofangreindar breytingar öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. maí 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

Nr. 367

7. maí 2001

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 233, 30. mars 1999 um hollustuhætti við meðferð,
vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.**

1. gr.

12. gr. skal orðast með eftirfarandi hætti: „Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2406/96 (um ferskfiskmat), tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/493 (um hollustuhætti við vinnslu og dreifingu fisks og fiskafurða), nr. 95/71 (um breytingar á viðauka við tilskipun 91/493), nr. 92/48 (um fiskiskip), ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, nr. 93/51 (um örverurannsóknir), nr. 93/140, (um sníkjudýr), nr. 94/356 (um innra eftirlit framleiðenda) og nr. 95/149 (um niðurbrotsefni, TVB) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 466/2001(um hámark aðskotaefna í matvælum)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.